

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Signý Sæmundsdóttir
sópran

Þóra Fríða Sæmundsdóttir
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 26. júní 2001 kl. 20:30

Signý Sæmundsdóttir stundaði tónlistarnám í Reykjavík og Kópavogi. Hún var síðan við framhaldsnám í söng við Tónlistarháskólann í Vínarborg með áherslu á óperu-, ljóða- og óratóriusöng og lauk þaðan prófi með ágætum vitnisburði. Signý hefur tekið þátt í fjölmörgum óperu-uppfærslum hérlendis og erlendis, m.a. hjá Íslensku Óperunni, í Þjóðleikhúsinu og Junge Oper Wien. Helstu hlutverk hennar eru greifafrúin í Brúðkaupi Fígarós, Guilletta í Ævintýrum Hoffmanns, Ariadne í Ariadne auf Naxos, Sylva Varesku í Sardas furstynjunni, Hanna Glavary í Kátu ekkjunni, í Mannsröddinni eftir Poulenc o.fl. Signý söng í frumflutningi á tveim óperum eftir Atla Heimi Sveinsson: Vikivaka og Tunglskins-eyjunni. Signý hefur haldið fjölda einsöngstónleika, sungið með kórum og hljómsveitum og verið ötull flytjandi samtímatónlistar, en mörg slík verk hafa verið samin sérstaklega fyrir hana.

Þóra Fríða Sæmundsdóttir lauk prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1978. Eftir það lá leið hennar til Þýskalands þar sem hún stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Freiburg im Breisgau. Þaðan lauk hún Diploma prófi 1981 og var síðan við nám í Tónlistarháskólanum í Stuttgart, en þar valdi hún ljóðaflutning (Liedgestaltung) sem sérgrein undir handleiðslu prófessors Konrad Richter. Eftir að Þóra Fríða kom heim frá námi árið 1984 hefur hún starfað sem píanóleikari og kennari í Reykjavík. Þóra Fríða hefur tekið þátt í ýmiss konar tónleikum og leikið í útvarp og sjónvarp. Þóra Fríða kennir meðal annars við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla FÍH.

Efnisskrá

	<i>Frumflutningur</i> - tileinkað Béatrice og Robert Cantoni	
Atli Heimir Sveinsson f. 1938	Rien ne viendra Dans ton silence Ísl. þýðing	<i>Béatrice Cantoni</i> <i>Béatrice Cantoni</i> <i>Sigurður Pálsson</i>
Ernest Chausson 1855-1899	Le temps des lilas Sérénade Italienne Le Colibri	<i>Maurice Bouchor</i> <i>Paul Bourget</i> <i>Leconte de Lisle</i>
Karl O. Runólfsson 1900-1970	Dans Heimþrá Allar vildu meyjarnar Ferðalok Spjallað við spóa	<i>Halldór K. Laxness</i> <i>Jóhann Sigurjónsson</i> <i>Davíð Stefánsson</i> <i>Jónas Hallgrímsson</i> <i>Jóhannes úr Kötlum</i>
Francis Poulenc 1899-1963	C Fêtes galantes Les chemins de l'amour	<i>Louis Aragon</i> <i>Louis Aragon</i> <i>Jean Anouilh</i>

Fêtes galantes / Hirðleikar

Sjá má spjátrunga á hjólum
melludólga í pilsu
krakka með slæður
brunalið að brenna skúfa sína

Sjá má orð á öskuhaugum
orð hafin til skýjanna
fætur barna Mariu
bakið á söngkonum

Sjá má koladriðna bíla
og handvagna líka
þorpara með löng nef
átján karata asna.

Þorsteinn Gylfason

Les chemins de l'amour/ Vegir ástarinnar

Vegirnir sem liggja niður að hafinu
hafa varðveitt frá því við gengum þar
blóm sem fellt hafa blöðin og enduróm af skærum
hlátri okkar tveggja undir trjánum.

Æ horfðu gæfudagar,
ljómandi gleði sem flogin er á braut,
ég finn engin merki þeirra lengur í hjarta mér.

Vegir ástar minnar,
ég leita ykkar stöðugt,
glötuðu vegir, þið eruð ekki meir,
og bergmál ykkar er dauft.
Vegir örvæntingarinnar,
vegir minninganna,
vegir hins fyrsta dags,
guðlegu vegir ástarinnar.

Ef ég skyldi einhvern tíma gleyma,
af því að lífið afmáir alla hluti,
vil ég varðveita eina minningu í hjarta mér.

Vegir ástar minnar,
glötuðu vegir, þið eruð ekki meir,
og bergmál ykkar er dauft.
Vegir örvæntingarinnar,
vegir minninganna,
vegir hins fyrsta dags,
guðlegu vegir ástarinnar.

Reynir Axelsson

Rien ne viendra / Ekkert mun koma (1995)

Ekkert mun koma
ekkert verður gefið
nema ef vera kynni flækingsvatn
sem kastar sér egghvasst
niður inndreginn klettinn,

ekkert mun koma

nema það sem er hamslaust,
fuglskroppur, snjókorn,
sem berast fyrir vindi
og engu nema
fjölförnu vatni verður hellt
handa þeirri nöktu sem tilreiðir það.

Þú endurgeldur honum sönginn:
harpa þín úr rennandi vatni
mótar þéttvaxið grasið
og nótt þín mun hljóma
þegar veggirnir þagna.
Leggðu frá þér gleðina, tötrana, speglana
ekkert mun koma nema bók
vindurinn flettir blöðunum,
ekkert verður gefið
nema þagnarblek,
gleymd síða
kalin af umgangi

Ekkert mun koma
nema gegnum rifur
á veggjum úr fersku lofti,
ekkert verður gefið
nema nafn sem ekki verður borið fram,
engu nema
ljómandi vatni verður hellt
það gleymir sér og felur sig,
ekkert mun vinnast
nema með missi,
orð úr grasi sem vindurinn stafar,
ekkert mun finnast
nema óséður söngur,
ekkert verður elskað
nema í leynum
án þess að segja neitt.

Sigurður Pálsson

Dans ton silence / Í þinni þögn (1998)

Kuldinn skrifar sig á mætingarlistann
og þögnina
þessa trommuhúð sem bíður í regninu
lokuð augun svipta burt nóttinni
sem var safnað saman í nafni ljóssins
augun syngja „ah!“
syngja „ah! ah! ah!“

Fletta auðum síðum
bókar sem orðin yfirgáfu
þegar ég var á miðjum aldri
og þramma daglega á hinni bókinni
sem kaldhæðin skrift snævarins
leiðir í allan sannleika

Brotnir hljómar fuglanna
færa himininn úr fötunum

í þinni þögn
í minni þögn

í þinni þögn
er auðri síðu flett
í minni þögn
leynist snjór

viðkvæmir ljósoddar
snerting vatns og nætur

í þinni þögn

Sigurður Pálsson

Le temps des lilas

Vorið er komið, en hvorki rósir né nellikur blómstra eins og síðasta vor.
Vindurinn hefur snúist og heimurinn er drungalegur.
Við förum ei oftár saman að tína blóm, því vorið er dapurt og blómlaust.
Ó heillaríka vor fyrra árs sem lýsti upp tilveruna.
Nú er blóm ástar okkar visnað, og ekki einu sinni koss þinn
getur endurlífgað það.
Það eru engin blóm, sól né friðsæll skuggi.
Allt er dautt með ást okkar.

Endursögn

Sérénade Italienne / Næturljóð

Siglum yfir sæinn á bátnum
og eyðum nóttinni meðal stjarnanna.
Sjáðu, blærinn andar rétt nóg
tíl að þenja út segldúkinn.
Gamli ítalski fiskimaðurinn
og synir hans tveir, sem vísa okkur veg,
þeir heyra, en skilja ekki

orðin sem við tölum hvort við annað.
Á lygnum sæ og þöglum
getum við sameinað sálir okkar,
og enginn skilur mál okkar,
nema nóttin, himinninn og öldurnar.

Baldur Pálsson

Le Colibri / Kólibrífugl

Þegar kólibrífuglinn græni, konungur hæðanna,
sér döggina og hjart sólskinið
glampa á hreiðri sínu, ofnu úr mjóum stráum,
hefur hann sig til flugs eins og léttur geisli.
Hann hraðar för og flýgur að nálægum lindum,
þar sem bambusreyrinn líkir eftir hljómi hafsins
og hinn helgi indíameiður opnar rautt blóm sitt
með guðlegum ilmi og færir hjartanu rakaþrunginn ljóma.
Hann lækkar flugið að gullnu blóminu, sest
og drekkur svo mikla ást úr hinum rósrauða bikar
að hann deyr og veit ekki hvort hann hefði getað tæmt hann.
Þannig hefði sál mín einnig viljað deyja
á hreinum vörum þínum, ó heittelskaða,
af fyrsta kossinum sem fyllti hana af ilmi.

Reynir Axelsson

C

Ég fór yfir brýrnar í Cé
þar byrjaði það allt
söngur frá liðinni tíð
um sáran riddara
um rós á veginum
og blúndulausan bol
um höll vitskerts hertoga
og svani á skurðum
um engin þar sem dansar
eilíf unnusta
og ég drakk eins og kalda mjólk
kvæðið langa um logna sæmd

Loire ber hugsanir mínar á burt
með hvolfðum bílum
og ónýtum vopnum
og illa þerruðum tárur

Æ Frakkland, yfirgefna Frakkland
ég fór yfir brýrnar í Cé.